



18.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga haldinn á Selfossi 7.september 2016 kl. 16:00.

Mætt: Ari Björn Thorarensen, Sveinn Steinarsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Arna Ír Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð í tölvu.

1. Haustfundur Héraðsnefndar Árneseinga 2016.

Fundurinn verður haldinn 11.-12.október nk. Aðalfundur Bergisans verður haldinn í framhaldi af fundi Héraðsnefndar. Ari, Halldóra og Sveinn skoða mögulega fundarstaði.

2. Málefni Byggðasafns.

Þar sem ráðningarsamningur við safnstjóra er runninn út var Ara Birni og Örnú Ír falið á vorfundi Héraðsnefndar að funda með safnstjóra. Fundur var haldinn í byrjun júní sl. og var niðurstaðan sú að framlengja ráðningarsamning við safnstjóra um 1 ár meðan væri verið að vinna í nýjum verklagsreglum um ráðningu forstöðumanna.

3. Verklagsreglur um ráðningu forstöðumanna.

Ari Björn ætlar að byrja á því að kanna lögformlegar hliðar á þessum málum og kalla eftir samningum hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga áður en lengra er haldið.

4. Málefni húseignarinnar í Hrúsholti 8 Selfossi.

Búið var að setja eignina á sölu en var tekið af sölu að óska Svf. Árborgar. Klára þarf þetta mál fyrir haustfund.

5. Fjármál Brunavarna Árneseinga.

Pétur Pétursson slökkviliðsstjóri kom inn á fundinn og fór yfir stöðuna. Umræður um fjármál og fjárhagsáætlun Brunavarna. Farið verður nánar yfir málið þegar endanleg fjárhagsáætlun liggur fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:15.

Arna Ír Gunnarsdóttir (sign)

Sveinn Steinarsson (sign)

Ari Björn Thorarensen (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir (sign)

Halldóra Hjörleifsdóttir (sign)